Myndlistarstefna – Drög til samráðs

Umsögn frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna - SÍM

Þann 21. september 2021 bárust SÍM drög að myndlistarstefnu til samráðs, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Frestur var gefinn til umsagnar til 5. október 2021.

SÍM fagnar þeirri vinnu sem liggur að baki drögum nýrrar myndlistarstefnu og þakkar starfshópnum vel unnin störf. Mikilvægi skýrrar myndlistarstefnu er ótvírætt og greininni til framdráttar að auka samráð, samvinnu og samtal myndlistarmanna, stofnana, almennings og annarra hagsmunaaðila.

SÍM hefur rýnt drögin og hefur gert þó nokkrar athugasemdir við stefnuna sem og ábendingar og tillögur um umbætur stefnunni til framdráttar.

Ábendingar og athugasemdir SÍM eru eftirfarandi:

Efnisyfirlit

Inngangur: 2

Megimarkmið 1: 2

Meginmarkmið 2: 2

Meginmarkmið 3: 2

Meginmarkmið 4: 3

Drög að aðgerðaráætlun 3

Aðgerð 1. Sterk staða myndlistar byggir á aðgengi, þátttöku og sterkum þekkingargrunni – Vitundarvakning. 3

Aðgerð 2. Myndlistarkennsla – aðgerðir innan menntastefnu 4

Aðgerð 5. Greining á stöðu Listasafns Íslands. 5

Aðgerð 6. Skilvirkt stuðningskerfi og stofnun Myndlistarmiðstöðvar. 5

Aðgerð 13. Endurgreiðslukerfi hvetji til sýningarhalds og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum. 5

Inngangur:

SÍM sér mikilvægi þess að leggja áherslu á „Að efla skapandi starf myndlistarmanna og styðja við vaxtabrodda á myndlistarsviði“.

SÍM gerir einnig athugasemd við að vísa í reglugerð Listskreytingasjóðs nr. 146/1992 sem sett var samkvæmt 14. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, en þessi lög og reglugerð eru löngu fallin úr gildi. Myndlistarlög nr. 64/2012 gilda um Listskreytingasjóð.

SÍM gerir athugasemd við aukið samráð innan myndlistarlífsins en til þess að það megi verða þurfa fulltrúar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að svara erindum stofnana og samtaka myndlistarmanna innan reglubundins tímaramma. Ef slíkur tímarammi er ekki til staðar þá þarf að koma slíku regluverki á.

Megimarkmið 1:

SÍM telur að skýra þurfi betur hvernig auka eigi fjölmiðlaumfjöllun um 2-4%. Mennta – og menningarmálaráðuneytið þarf að þrýsta á fjölmiðlar sinni lögboðnu menningarhlutverki sínu betur. En slíkt næst fram með stuðningi annarra aðgerðarþátta s.s. auknum áhuga , vitundarvakningu, þátttöku og þekkingu á myndlist og störfum myndlistarmanna meðal þjóðarinnar á öllum stigum samfélagsins. Vakningin byrjar í skólakerfinu og því þarf að styrkja myndlistar – og listfræðikennslu til muna á öllum skólastigum.

Meginmarkmið 2:

Áherslur – nr. IV. SÍM gerir athugasemd við þessa grein þar sem SÍM telur að Myndlistarsjóður eigi að standa fyrir utan Myndlistarmiðstöðina og að í þessari grein séu Myndlistarráð og Myndlistarmiðstöð að fara inn á hlutverk Myndlistarsjóðs. Þessa grein þarf því að skýra betur.

Meginmarkmið 3:

SÍM vill benda á að myndlistarmenn leggja mikið til íslenskrar menningar og ríkan, en stórlega vanmetinn, þátt í atvinnuuppbyggingu landsmanna. Þeir eiga líka ríkan þátt í jákvæðri kynningu á menningu landsmanna á alþjóðlegum grundvelli, sem er lítilli þjóð ómetanleg. Sú kynning sem myndlistarmenn hafa aflað á undanförnum áratugum jafngildir mörg hundruð milljónum að verðmæti fyrir þjóðina, en hefur fram til þessa verið metin á núll krónur. Þessi atriði eru langt frá því að speglast sem skyldi í upphæð þeirra fjármuna sem ríkið leggur til stuðnings við atvinnugreinina. Á þessu þarf að ráða bót.

Meginmarkmið 4:

Íslenskir samtímalistamenn hafa þegar skipað sér alþjóðlegan sess. Það er alkunna meðal erlendra fræðimanna hve stóran sess íslenskir myndlistarmenn hafa skipað sér á síðustu áratugum, og um það er rætt að þeir leggi fram stærri skerf til nútímamyndlistar en listamenn nágrannaþjóða okkar.
Á sama tíma hefur skort verulega á að íslenska ríkið hafi tryggt þann stuðning, fjárhagslegan sem og samfélagslegan, sem þarf til að framsækin samtímamyndlist nái að dafna. Ríkið hefur heldur ekki tryggt framsæknustu myndlistarmönnum þjóðarinnar þær tekjur að þeir geti lifað mannsæmandi lífi og unnið að myndlist sinni.
Sá sess sem íslensk myndlist skipar á alþjóðavísu er til kominn fyrir tilstilli listamanna sem af eigin rammleika hafa skapað sér nafn á alþjóðavettvangi.

Flestir þeirra myndlistarmanna (karla og kvenna) sem skipa forystusveit íslenskrar samtímamyndlistar hafa brotist áfram við mjög erfiðar fjárhagsaðstæður, og án stuðnings íslensks samfélags, þau hafa komist áfram fyrir eigin verðleika.
Þau hafa áunnið þjóðinni gott orð á alþjóðavettvangi, og þannig skapað verðmæti fyrir menningu þjóðarinnar, og jafnframt aukið áhuga erlendis fyrir landi og þjóð.

Hingað til hafa þessi kynningaráhrif myndlistar verið einskis metin, og þau starfslaun sem viðkomandi listamenn hafa átt kost á að sækja um (sem eiga að duga fyrir framfærslu ásamt myndlistarstarfi) eru undir lágmarkslaunum annarra starfsstétta með sama menntunarstuðul.

Starfslaunasjóður ríkisins veitir eingöngu litlu broti þeirra umsókna sem berast jákvæða svörun.

Drög að aðgerðaráætlun

Aðgerð 1. Sterk staða myndlistar byggir á aðgengi, þátttöku og sterkum þekkingargrunni – Vitundarvakning.

Þótt íslensk myndlist standi styrkum stoðum í hugmyndafræðilegum skilningi nýtur hún ekki sannmælis hér á landi sem það hreyfiafl sem hún sannarlega er. Myndlistarsöfn og sýningarstaðir búa við fjársvelti og myndlistarmenn fá lágmarkslaun fyrir vinnu sína á opinberum söfnum. Minna þarf á að myndlistarmenn eru hámenntaðir sérfræðingar sem renna styrkum stoðum undir sameiginleg auðævi okkar allra með listsköpun sinni.

SÍM leggur til að stofnaður verði Safnasjóður myndhöfunda /Sýningarsjóður myndhöfunda, sambærilegan við Bókasafnssjóð höfunda.

Árleg fjárveiting Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum.

Safnasjóður myndhöfunda myndi úthluta myndlistarmönnum þóknun fyrir fjölda listaverka sem þeir ættu á sýningum opinberra listasafna þegar söfnin sýna listaverk úr safneign sinni. Það er réttlætismál að myndlistarmenn eigi kost á samskonar greiðslu fyrir sýningu á höfundarverki sínu og rithöfundar hafa. Þetta snýst um að myndlistarmenn hafi sömu réttindi á greiðslu fyrir höfundarverk sín og aðrir listamenn innan skapandi greina.

Fjárveiting í safnasjóðinn kæmi frá Alþingi líkt og í Bókasafnssjóðinn. Listasöfnin greiði ekkert úr eigin vasa frekar en bókasöfnin.

Sjá lög um Bókasafnssjóð höfunda: https://www.althingi.is/altext/121/s/0601.html og https://rsi.is/bokasafnagreidslur/

Öll starfsemi listasafna hverfist um starf listamannsins.

Árangurinn af „Borgum listamönnum" herferðinni hefur stuðlað að eðlilegra og heilbrigðara vinnuumhverfi fyrir myndlistarmenn. Flest opinberu listasöfnin hafa undirritað samkomulag um að fara eftir Framlagssamningi SÍM. Framlagssamningurinn er rammasamningur um þátttöku og framlag listamanna til sýningarhalds. Þóknunin er viðbót við greiðslur fyrir flutning, uppsetningu og útgáfu á efni fyrir sýningu listamannsins. Í samningnum er kveðið á um að greiða þurfi sérstaklega fyrir alla vinnu sem listamenn taka að sér í tengslum við sýningar, bæði fyrir, eftir og meðan á sýningu stendur.

Framlagssamningurinn tryggir að opinber listasöfn greiði listamönnum lágmarksgreiðslu fyrir vinnu við eigin sýningu. Núna þegar tvö ár eru liðin síðan fyrst var farið að greiða listamönnum samkvæmt samningnum, er eðlilegt að samningurinn verði endurskoðaður með það að markmiði að hækka þá lágmarksgreiðslu sem listamenn hafa fengið hingað til. SÍM mun beita sér fyrir því að greiðslur til listamanna fyrir þátttöku í sýningarverkefnu verði hækkaðar.

Aðgerð 2. Myndlistarkennsla – aðgerðir innan menntastefnu.

Heimsóknir myndlistarmanna í skóla á vegum SÍM

Í mörg ár hefur SÍM staðið fyrir heimsóknum myndlistarmanna í grunn- og framhaldsskóla í tengslum við Mánuð myndlistar sem haldin er í október ár hvert. Í þessum heimsóknum kynna myndlistarmenn list sína og sín störf og spjalla við nemendur um myndlist. Heimsóknirnar hafa notið gríðarlegra vinsælda og eftirspurnin lengi verið umfram framboð.
Aðrar liststéttir hafa verið með svipaða kynningu á listgrein sinni, en það er gríðarlegur munur á framlagi Menntamálaráðuneytisins til hinna mismunandi listgreina og er myndlist þar veruleg hlunnfarin.

Á þessu ári sóttu 52 skólar um að fá slíka heimsókn en vegna fjárskorts var einungis hægt að bjóða 16 skólum víðsvegar um landið upp á kynningu. SÍM greiðir myndlistarmönnunum þóknun fyrir hverja heimsókn að upphæð 20.000 kr, en þess má geta að þóknun fyrir sambærilegar heimsóknir rithöfunda hjá Rithöfundasambandinu eru talsvert hærri, en skólarnir greiða þar sjálfir fyrir heimsóknina sem kostar allt að 40 þús kr. SÍM hefur lagt áherslu á að bjóða sínar kynningar skólunum án endurgjalds frá skóla. SÍM telur að þessar skólakynningar myndlistarmanna séu eitt skref, en þó

veigamikið, í átt að eflingu listkennslu og myndlæsi og því mikilvægur hlekkur í auknu samstarfi skóla og liststofnana.

SÍM telur einnig að tryggja þurfi með lögum/reglugerð að allir nemendur landsins á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi fái að njóta á hverju námsári listviðburða svo sem leiksýninga, tónleika og listsýninga, í listasöfnum, á tónleikum, leikhúsum o.s. frv.. Bein upplifun nemenda af listflutningi eða listaverkum er grundvallaratriði í listfræðslu.

Aðgerð 5. Greining á stöðu Listasafns Íslands.

SÍM leggur til að Listasafni Íslands verði fengið húsnæði sem er hannað og hentar fyrir sýningu nútímalistaverka, svo sem innsetninga og videóverka. En núverandi húsnæði safnsins hentar engan veginn til slíkra sýninga.
Safnið fái listaverkageymslu sem uppfyllir alþjóðlega staðla slíkra bygginga með aðstöðu til forvörslu, rannsóknavinnu ofl.
Það er brýnt að byggja sérhannað húsnæði fyrir Listasafn Íslands, höfuðsafn myndlistar á Íslandi, sem uppfylli þær kröfur sem gera verður til slíkra bygginga um örugga varðveislu þjóðargersema og menningararfs, sem og til skapandi sýningarstarfsemi, safnkennslu og rannsóknarstarfa. Núverandi húsnæði er langt frá því að uppfylla alþjóðlega staðla um listasöfn. Við núverandi aðstæður er tekin óforsvaranlega áhætta á að jafnvel listaverk sem eru þjóðargersemar verði fyrir skemmdum eða geti eyðilagst með öllu.

Aðgerð 6. Skilvirkt stuðningskerfi og stofnun Myndlistarmiðstöðvar.

SÍM telur að grundavallar skilyrði fyrir eflingu myndlistar á Íslandi sé að Launasjóður myndlistar og Myndlistarsjóður verði efldir, í takt við núverandi þörf.
Fjöldi mánaðarlauna þarf að aukast verulega, og þolir sú aðgerð enga bið.

Einnig þarf að efla Myndlistarsjóð. Hann þarf að vera í stakk búinn til að styrkja sívaxandi verkefni myndlistarmanna svo þeir geti staðið undir þeim vænttingum sem gerðar eru til þeirra í myndlistarstefnu.

Aðgerð 13. Endurgreiðslukerfi hvetji til sýningarhalds og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum.

SÍM telur að það þurfi fyrst og fremst að styrkja umgjörðina og myndlistarumhverfið og leggja fram fjármagn til að efla það. Aðgerðaráætlunin þarf að taka mið af því.

SÍM leggur til að koma skuli á fót endurgreiðslukerfi þannig að myndlistarmönnum standi til boða endurgreiðsla af hluta kostnaðar við leigu á vinnustofu.

Í alþjóðlegu samhengi og samstarfi þarf að veita fjármagni til að styrkja rekstur gestavinnustofa fyrir erlenda myndlistarmenn og fagaðila, sem t.d. SÍM rekur, en þær gegna mikilvægu hlutverki í alþjóðlegri tengslamyndun myndlistarmanna.

Að þessu sögðu leggur SÍM til að efla skuli starfslaunasjóð listamanna

F.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

Anna Eyjólfs
Formaður SÍM